

September 2020



# Skýrsla starfshóps um þjóðarleikvang fyrir inniípróttir



Stjórnarráð Íslands  
Mennta- og menningarmálaráðuneytið



**Mennta- og menningarmálaráðuneyti**

Sölvhólsögötu 4 – 101 Reykjavík

545 9500 | [mrn@mrn.is](mailto:mrn@mrn.is)

September 2020

Umbrot: Einar Guðmundsson

© 2020 – Mennta- og menningarmálaráðuneytið

# Efnisyfirlit

|   |           |
|---|-----------|
| <b>Inngangur</b>  | <b>4</b>  |
| <b>1. Reglugerð um viðurkenningu þjóðarleikvanga í íþróttum nr. 388/2018 um (liður 1)</b> | <b>5</b>  |
| <b>2. Kröfur til alþjóðlegs keppnishúss (liðir 2, 3, 4, 8)</b>                            | <b>6</b>  |
| 2.1 Stærðarkrafa  | 7         |
| 2.2 Staðan í dag  | 8         |
| 2.3 Nýting á öðrum mannvirkjum  | 8         |
| 2.4 Samnýting við þjóðarleikvang í knattspyrnu  | 8         |
| 2.5 Önnur mannvirki   | 9         |
| 2.6 Niðurstaða  | 9         |
| <b>3. Staðsetning (liður 7)</b>   | <b>10</b> |
| 3.1 Laugardalur   | 10        |
| 3.2 Framsvæði við Safamýri  | 10        |
| 3.3 Vetrarmýrin Garðbæ  | 11        |
| 3.4 Hlíðarendi  | 11        |
| 3.5 Staðsetning í úthverfi  | 11        |
| 3.6 Tillögur ÍBR  | 11        |
| 3.7 Niðurstaða  | 12        |
| <b>4. Nýting mannvirkisins (liður 9)</b>  | <b>13</b> |
| 4.1 Helstu nýtingarmöguleikar   | 13        |
| 4.2 Niðurstaða  | 16        |
| <b>5. Kostnaðargreining (liður 5 og 6)</b>  | <b>17</b> |
| 5.1 Hús sem tekur 8.600 áhorfendur  | 17        |
| 5.2 Hús sem tekur 5.000 áhorfendur  | 18        |
| 5.3 Skýringar á verðmun   | 18        |
| 5.4 Skýringar á vilmörkum   | 18        |
| 5.5 Rekstrarkostnaður   | 18        |
| 5.6 Tekjur  | 19        |
| <b>6. Kostnaðarskipting milli ríkis og sveitarfélags (liður 6)</b>                        | <b>20</b> |
| <b>7. Niðurstaða starfshópsins</b>  | <b>21</b> |

# Inngangur

Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði þann 21. janúar 2020 starfshóp til að gera tillögur um þjóðarleikvang fyrir inniþróttir. Í starfshópinn voru skipaðir Guðmundur B. Ólafsson, formaður HSÍ sem jafnframt var formaður hópsins, Óskar Þór Ármannsson og Marta Skúladóttir frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Ómar Einarsson og Sif Gunnarsdóttir tilnefnd af Reykjavíkurborg, Lárus Blöndal forseti Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) og Hannes Jónsson formaður Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ).

## Helstu verkefni

1. Fara yfir reglugerð 388/2018 og skýra markmið hennar og umsóknarferli.
2. Greina þörf fyrir íþróttamannvirki fyrir íþróttasambönd vegna æfinga og þátttöku í alþjóðlegum keppnum.
3. Skilgreina hvers konar íþróttamannvirki þörf er á.
4. Skoða möguleika á að nýta eignir sem fyrir eru.
5. Hver sé stofnkostnaður eða breytingakostnaður vegna slíks mannvirkis.
6. Kostnaðarskipting milli ríkis og sveitafélags.
7. Hver sé æskileg staðsetning?
8. Möguleika á samlegðaráhrifum við þjóðarleikvang í knattspyrnu.
9. Annað sem mikilvægt þykir.

Starfshópurinn aflaði gagna frá ÍSí og þeim sérsamböndum sem mestra hagsmuna hafa að gæta við nýtingu þjóðarleikvangs.

Við mat á staðarvali var m.a. leitað til sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og horft til lokaritgerðar Þórðar Más Sigfússonar frá Landbúnaðarháskóla Íslands frá árinu 2018, er ber heitið „Staðarval fyrir þjóðarleikvang innanhúss.“

Verkís verkfræðistofa vann kostnaðarmat á byggingu mannvirkis ásamt því að leggja mat á rekstrarkostnað.

Einnig var rætt við aðra hagsmunaaðila, s.s. tónleikahaldara, fulltrúa Knattspyrnusambands Íslands o.fl.



# 1. Reglugerð um viðurkenningu þjóðarleikvanga í íþróttum nr. 388/2018 um (liður 1)

Í apríl 2018 var gefin út af mennta- og menningarmálaráðuneyti reglugerð um þjóðarleikvanga (fylgiskjal 10). Reglugerðin byggir á íþróttalögum og stefnumörkun ráðuneytisins í íþróttamálum.

Reglugerðin gildir um viðurkenningu íþróttamannvirkja sem þjóðarleikvanga í íþróttum, með hvaða hætti slík viðurkenning er veitt og hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að öðlast viðurkenningu. Reglugerðin gildir einnig um aðkomu ráðuneytisins að fjármögnun verkefna sem tengjast þjóðarleikvöngum. Markmið reglugerðarinnar er að tryggja að íþróttagreinar sem hafa sterka stöðu alþjóðlega og jafnframt skipuleggja alþjóðlega viðburði á Íslandi hafi nauðsynlega umgjörð og aðgengi að íþróttamannvirkjum sem standast kröfur um slíkar keppnir.

Starfshópurinn kynnti sér reglugerðina og þær kröfur sem gerðar eru til þjóðarleikvanga. Upplýsingaöflun starfshópsins og inntak skýrslunnar eiga að uppfylla þær kröfur sem fram koma í reglugerðinni.

## 2. Kröfur til alþjóðlegs keppnishúss (liðir 2, 3, 4, 8)

Við mat á því hvort þörf væri á nýju mannvirki í stað þess að nýta þau mannvirki sem til eru var kallað eftir upplýsingum frá Handknattleikssambandi Íslands (HSÍ) og Körfuknattleikssambandi Íslands (KKÍ) um hvaða kröfur eru gerðar í alþjóðlegum keppnum til keppnishúsa.

Í meginráttum eru gerðar svipaðar kröfur til alþjóðakeppna í handknattleik og körfuknattleik. Með því að uppfylla kröfur gagnvart KKÍ og HSÍ er öruggt að þær kröfur eru meiri en gagnvart öðrum íþróttum, t.d. blaki og Futsal. Svipaðar kröfur eru gerðar til alþjóðlegra keppna í fimleikum.

Hér á eftir er samantekt á helstu kröfum sem gerðar eru til að halda alþjóðakeppni á vegum HSÍ og KKÍ, en þau sambönd annast framkvæmd kappleikja hér á landi nokkrum sinnum á ári í alþjóðlegum keppnum.



## 2.1 Stærðarkrafa

1

**Flatarmál húss:** 120 m x 150 m (18.000–20.000 m<sup>2</sup>).

2

**Anddyri:** 5000 m<sup>2</sup> lágmarkskrafa. Hér er átt við almenningsrými sem nær til allra hæða.

3

**Áhorfendur:** Svipaðar kröfur eru gerðar til HSÍ og KKÍ.

Lágmark í alþjóðakeppnum er frá 2-4.000 en er mismunandi eftir mótum.

Í riðlakeppni í lokamóti hjá HSI er miðað við 5-6000 áhorfendur. Í Meistaradeild félagsliða er miðað við 5.000 áhorfendur frá árinu 2021. Fyrir undankeppni Ólympíuleika er gerð krafa um að lágmarki 8.000 áhorfendur.

Krafa um lágmarksfjölda áhorfenda hefur breyst á undanförunum árum og má fastlega gera ráð fyrir auknum kröfum um lágmarksfjölda áhorfenda á næstu árum.

Rétt er að geta þess að lágmarkskrafa um áhorfendafjölda til að halda heimsmeistaramót í áhaldafimleikum er 6.000 áhorfendur, í öðrum keppnum minna.

4

**Stúkur:** Á fjóra vegu, allt í kringum völlinn. Gerðar eru kröfur um ákveðinn fjölda lokaðra stúka eða gestastúka.

5

**Gólfhlötur:** 50 m x 28 m (lágmark í undankeppni 45 m x 25 m).

6

**Lofthæð:** 12 m að lágmarki.

7

**Stigatafla:** Tvær töflur og tveir stórir skjáir í 7-8 metra hæð eða Jumbotron sem er teningur með skjám sem festir eru í loft.

8

**Lýsing:** 1500-1700 LUX hönnuð af fagmönnum.

9

**Fjölmíðlar:**

- 4 herbergi (þar af 1 fundarherbergi) fyrir sjónvarp.
- 5 stæði fyrir útsendingarbíla.
- Aðstaða fyrir lýsendur, 10 básar með tvö sæti í hverjum bás.
- Aðstaða fyrir 50-150 blaðamenn með góða yfirsýn á völlinn.
- Vinnuaðstaða fyrir blaðamenn, veitingar og aðstaða fyrir blaðamannafundi.
- Fjölmíðlasvæði, aðstaða fyrir viðtöl eftir leik.
- Tvö stúdíó, beinar útsendingar sjónvarpsstöðva.
- Sérinnangangur fyrir blaðamenn með aðstöðu til skráningar.

Í fylgiskjölum nr. 7 og 8 eru listaðar upp þær kröfur sem alþjóðasambönd gera til hvors sérsambands fyrir sig til þjóðarleikvangs í alþjóðlegum keppnum.

## 2.2 Staðan í dag

Ekkert hús hér á landi nær að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í alþjóðakeppnum, hvorki í handknattleik né körfuknattleik. Laugardalshöllin kemst næst því að uppfylla skilyrðin en bæði takmörkun á stærð gólfplatara sem og takmarkaður áhorfendafjöldi auk þeirra krafna sem gerðar eru um önnur rými koma í veg fyrir að unnt sé að gera viðunandi breytingar á Laugardalshöll svo að hún uppfylli þessar lágmarkskröfur.

## 2.3 Nýting á öðrum mannvirkjum

Starfshópurinn kynnti sér hugmyndir Regins fasteignafélags um breytingar á Egilshöll til að geta hýst alþjóðlega keppnisleiki (sjá fylgiskjal 6). Þær hugmyndir ganga út frá því að breyta húsinu og gera að keppnishúsi fyrir einstaka viðburði. Settir yrðu upp áhorfendabekkir, bætt lýsing og gerðar aðrar breytingar svo að hægt sé að uppfylla kröfur.


Hugmyndir sem kynntar voru sýna að það er vel hægt að breyta Egilshöll í keppnishöll fyrir einstaka leiki. Kostnaður er þó mikill og að mestu er um kostnað að ræða sem fellur til í hvert sinn en marga daga tekur að setja upp tilheyrandi búnað og taka niður sem gerir höllina óstarfhæfa á meðan. Að mati starfshópsins er kostnaður of mikill til að unnt sé að horfa til þessara hugmynda sem framtíðarlausn auk þess sem slíkt myndi ekki leysa önnur viðfangsefni, s.s. rými fyrir fjölmiðla og æfingatíma fyrir landslið.

## 2.4 Samnýting við þjóðarleikvang í knattspyrnu

Kannaður var möguleiki á samnýtingu við þjóðarleikvang fyrir knattspyrnu sem fyrirhugaður er í Laugardal. Á fund nefndarinnar komu Guðni Bergsson formaður KSÍ og Árni Geir Pálsson, formaður undirbúningsfélags um byggingu þjóðarleikvangs í knattspyrnu. Kynnt var sú vinna sem unnin hefur verið í samstarfi KSÍ, Reykjavíkurborgar og stjórnvalda um nýjan knattspyrnuvöll. Verkefnið er stórt og er nú á því stigi að unnið er að öflun tilboða um hvernig leikvang rétt er að byggja, bæði með tilliti til stærðar og hugsanlegs rekstrarkostnaðar.

Hugsanlegt er að einhver samlegðaráhrif myndist milli þessara verkefna, s.s. nýting búningaaðstöðu og veitingaaðstöðu. Þá skarast þessi verkefni að hluta að mati starfshópsins, að því leyti að horft er til sömu samstarfsaðila við nýtingu aðstöðu sem skapast, s.s. háskóla og annarra sem tengjast íþróttum dags daglega.





Miðað við núverandi stöðu verkefnisins um byggingu þjóðarleikvangs í knattspyrnu er ljóst að ekki er skynsamlegt að blanda þessum hugmyndum saman. Verkefni eru ólík og því telur starfshópurinn rétt að halda þeim aðskildum en útilokar ekki að slíkt gæti komið til skoðunar síðar. Er þá einkum horft til þess möguleika að þjóðarleikvangur fyrir inníþróttir yrði samtengdur stúku knattspyrnuvallarins vestan eða sunnan megin við knattspyrnuvöllinn.

Lausleg könnun leiddi í ljós að ekki eru mörg íþróttamannvirki í Evrópu sem hafa verið byggð saman. Það gefur sterka vísbendingu um að samlegðaráhrif séu ekki nægilega mikil og hugsanlega gæti það valdið árekstrum á öðrum sviðum rekstar.

## 2.5 Önnur mannvirki

Engin önnur mannvirki koma til greina sem geta uppfyllt þessar kröfur.

## 2.6 Niðurstaða

Engin mannvirki á Íslandi uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til sérsambanda vegna alþjóðlegra keppna eða landsleikja í handknattleik og körfuknattleik. Til að uppfylla alþjóðlegar kröfur verður að byggja nýtt mannvirki.

## 3. Staðsetning (liður 7)

Starfshópurinn fór yfir þá möguleika sem koma til greina á höfuðborgarsvæðinu er varðar staðsetningu mannvirkis af þessari stærðargráðu.

Til hliðsjónar var höfð MS ritgerð Þórðar Más Sigfússonar frá Landbúnaðarháskóla Íslands undir leiðsögn Dr. Sigríðar Kristjánsdóttur og Sverris Arnar Sverrissonar. (Útdráttur er á fylgiskjali nr. 3)

Einnig kom Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar á fund nefndarinnar og ræddi þau atriði sem þyrfti að hafa í huga við hentugustu staðsetninguna.

Við mat á staðarvali var einkum haft til hliðsjónar aðgengi út frá umferð, nýtingarmöguleikum, staðarkostum, samnýtingu með öðrum mannvirkjum og aðlögun húss í umhverfi.

**Í ljósi þessa eru eftirfarandi staðarvalsmöguleikar helstir:**

### 3.1 Laugardalur

Laugardalur er ákjósanlegur fyrir mannvirki af þessari stærðargráðu. Aðgengi umferðar er gott en fyrirhuguð Borgarlína um Suðurlandsbraut tengir úthverfi við Laugardalinn. Einnig eru svæði fyrir bílastæði sem hægt væri að nýta, en bílastæði í Laugardal eru um 1700. Þá eru í hverfinu þrjár grunnskólar sem gætu nýtt mannvirkið að degi til og Knattspyrnufélagið Þróttur og Glímufélagið Ármann eru á svæðinu sem nýta myndu mannvirkið sem gæti leyst húsnæðismál þessara félaga. Nálægð við önnur íþróttamannvirki er einnig mikill kostur. Þá ber að nefna að með staðsetningu í Laugardal gefst möguleiki á að nýta mannvirkið undir almenningsíþróttir og hafa húsið opið að hluta til frjálsrar íþróttaiðkunar fyrir almenning, sem rakið verður nánar síðar.

### 3.2 Framsvæði við Safamýri

Framsvæðið hefur nægt rými til að bera svona hús auk þess sem umferðaraðgengi er gott. Staðsetningin er miðsvæðis og mannvirkið gæti nýst sem íþróttahús fyrir aukna byggð sem fyrirhuguð er á svæðinu í kring, t.d. í Skeifunni og Miklubraut.

### 3.3 Vetrarmýrin Garðbæ

Fyrirhuguð er bygging íþróttahúss við Vetrarmýri við Reykjanesbraut þar sem nú rís knatthús. Þessi möguleiki var kannaður og ræddur við bæjarstjóra Garðabæjar. Vetrarmýrin er ákjósanlegur staður ef staðsetning verður utan miðsvæðis Reykjavíkur. Svæðið hefur gott umferðaraðgengi og ætla má að nýtingarmöguleikar væru þó nokkrir.

### 3.4 Hlíðarendi

Í skipulagi á Hlíðarenda svæði Knattspyrnufélagsins Vals, var upphaflega gert ráð fyrir knatthúsi. Því hefur verið velt upp hvort svigrúm væri fyrir fjölnota mannvirki sem nýst gæti sem þjóðarleikvangur á svæðinu. Svæðið liggur ágætlega miðsvæðis en að mati flestra í starfshópnum væri hús af þeirri stærðargráðu sem þörf er á hugsanlega of stórt fyrir þetta svæði. Einnig verður að telja að svæðið sé ekki ákjósanlegt með tilliti til umferðaraðgengi þó að sá þáttur hafi ekki verið rýndur sérstaklega.

### 3.5 Staðsetning í úthverfi

Rætt var um þann möguleika að hafa mannvirkið staðsett í úthverfi. Með staðsetningu utan miðsvæðis borgarinnar eru minni líkur á daglegri nýtingu sem hefur mikil áhrif á rekstrarkostnað sem og nýtingu almennings. Þótti þessi kostur ekki fýsilegur.

### 3.6 Tillögur ÍBR

ÍBR hefur lagt vinnu í hugmynd um 30.000 m<sup>2</sup> knatthúss sem er aðallega hannað fyrir íþróttafélögin í Reykjavík en gert er ráð fyrir fleiri nýtingarmöguleikum. Staðsetning þess hefur tekið mið af svæði austan við Laugardagshöll samhliða Suðurlandsbraut. Starfshópnum þótti ekki ástæða til að skoða það frekar þar sem hugmyndin byggir einkum á nýtingu hússins sem knatthús.

## 3.7 Niðurstaða

Starfshópurinn var sammála um Laugardal sem fyrsta val fyrir staðsetningu Þjóðarleikvangs. Ekki hefur verið gert heildarskipulag fyrir Laugardalinn. Hins vegar eru mörg svæði í Laugardal sem bera hús af þessari stærðargráðu (fylgiskjal 4). Má nefna staðsetningu vestan við svæði Þróttar. Þar gæti mannvirkið fallið inn í landslagið auk þess sem aðgengi að húsi á þeim stað væri mjög gott og bílastæði fyrir hendi að hluta.

Þá má nefna lóð sem liggur samhliða Suðurlandsbraut, bæði austan við Laugardalshöll svo og lóð milli Suðurlandsbrautar og Laugardalshallar. Í fylgigögnum má finna uppdrátt af húsi á lóð sem liggur á milli Suðurlandsbrautar og Laugardalshallar sem rekstrarfélag Laugardalshallar lét gera. Samkvæmt þeim teikningum myndi slíkt hús rúma 5300 áhorfendur. Hús á þeim stað gæti einnig samnýst Laugardalshöll sem sýningarhöll.

Kostir við framangreindar staðsetningar eru að góð aðkoma er frá Suðurlandsbraut og nálægð við Laugardalshöll sem getur verið kostur ef samnýta þarf húsin. Ljóst er að margir staðsetningarmöguleikar eru fyrir mannvirkið í Laugardalnum að mati starfshópsins (sjá fylgiskjal 4). Við nánari greiningar þarf að hafa í huga gott aðgengi og hugsanlega stækkunarmöguleika til framtíðar.

## 4. Nýting mannvirkisins (liður 9)

Meginmarkmið starfshópsins var að mannvirkid nýttist fyrst og fremst sem íþróttahús, með tengingu við margar íþróttagreinar, en einnig þarf að huga að rekstrargrundvelli og með hvaða hætti hægt er að tryggja rekstrarlegar forsendur fyrir starfsemi hússins.

Starfshópurinn leggur áherslu á „lifandihús“ sem verður opið og nýtt aðallega í þágu íþrótta. Það verði þannig hannað að almenningur geti stundað íþróttir þar ýmist með börnum sínum eða vinum í þeim rýmum sem nýtast ekki dags daglega. Þannig eykst flæði í gegnum Laugardalinn sem verði íþróttatengt svæði fyrir allan almenning. Einnig er horft til þess að húsið uppfylli þarfir fyrir stærri listaviðburði innanhúss, s.s. sýningar eða tónlistarviðburði.

### 4.1 Helstu nýtingarmöguleikar

1

#### Aðstaða fyrir alþjóðakeppni:

Allir alþjóðaleikir í boltaíþróttum færu fram í húsinu og uppfylltu þar með þær kröfur sem gerðar eru til alþjóðakeppna. Hér er átt við handknattleik, körfuknattleik, blak o.fl. Einnig gætu farið fram keppnir í fimleikum, og mörgum öðrum íþróttum.

2

#### Æfingaaðstaða fyrir landslið:

A

Sérsambönd hafa í dag enga fasta æfingaaðstöðu. Heildarþörf æfingatíma fyrir öll landslið í boltaíþróttum er um 1550 klst. á ári (fylgiskjal 12). Ætla má að þarfir yngri afrekshópa HSÍ sé um 600 klst. eða um 300 æfingar á ári. Fyrir KKÍ eru sömu þarfir um 300 klst./æfingar eða um 550 klst. Þessi sérsambönd hafa ekki fast húsnæði til að sinna þessum æfingapörfum. Þess má geta að þörf Fimleikasambandsins er um 854 klst. æfingatímar. Skýrist það af löngu undirbúningstímabili fyrir stórmót þar sem æfingar eru daglega.

B

Starfshópurinn sér einnig fyrir sér að í mannvirkinu verði aðstaða fyrir sérsambönd til æfinga. Til að uppfylla slíkar þarfir þyrfti að hanna sér álmu til slíkra nota til viðbótar við þá kostnaðaráætlun sem liggur fyrir.

C

Aðstaða verði fyrir styrktarþjálfun fyrir öll landslið og þau félagsslið sem aðstöðu hefðu í húsinu. Slík sameiginleg aðstaða gæti eft samstarf milli sérsambanda og allt afreksstarf í íþróttum.

3

**Aðstaða fyrir félagslið:**

Skortur er á íþróttaaðstöðu fyrir íþróttafélög í hverfinu, þ.e. Knattspyrnufélagið Þrótt og Glímufélagið Ármann. Gert er ráð fyrir að þau fengju aðstöðu fyrir sínar inni íþróttagreinar í húsinu.

4

**Skólar:**

Að degi til verði aðstaða fyrir grunnskóla til íþróttakennslu. Þrjú grunnskólar eru í hverfinu er tilheyra Laugardal.

5

**Aðstaða fyrir háskóla:**

Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík sinna kennslu í íþróttum. Starfshópurinn telur að sú kennsla gæti farið fram í mannvirkinu og verði tengd við starfsemina í húsinu. Einnig kæmi þá til greina að nám tengt íþróttum færi einnig fram í húsinu og samvinna ÍSÍ og háskóla verði aukin enn frekar. Starfshópurinn kannaði þetta ekki sérstaklega en fékk staðfest að báðir skólarnir myndu skoða vel þá möguleika sem svona hús og samvinna byði upp á.

6

**Starfsemi ÍSÍ og sérsambanda:**

Starfshópurinn telur að skoða mætti þann möguleika að öll starfsemi ÍSÍ og íþróttasambanda færi fram í húsinu en fyrir liggur aukin þörf á húsnæði fyrir starfsemi ÍSÍ og sérsambanda. Þá er einkum litið til skrifstofuhúsnæðis, funda og ráðstefnusala og æfingasala. Þá yrði einnig rými fyrir sameiginleg verkefni sérsambanda á vegum ÍSÍ eins og mælingar í afreksstarfi og önnur verkefni. Kostnaðaráætlun gerir ekki ráð fyrir þeirri nýtingu en ljóst er að stækka þyrfti húsið til að þessi starfsemi gæti farið þar fram.

7

**Íþróttatengd starfsemi:**

Leigja mætti út húsnæði til íþróttatengdrar starfsemi.

8

**Tónlistarhús:**

A

Starfshópurinn fékk til fundar Ísleif Þórhallsson forsvarsmann Senu Live, sem er stærsti tónleikahaldari landsins. Fram kom að mikil þörf er á tónlistarhúsi sem tekur um 12.000 manns og þar af stóran hluta í sæti. Slíkt hús er ekki til í dag. Leggja þarf í mikinn kostnað fyrir hverja tónleika fyrir sig og þó svo að ekki sé markaður fyrir marga

tónleika á ári af þessari stærðargráðu yrði það mikil lyftistöng fyrir menningarstarf að hafa möguleika á slíku tónleikahaldi. Einnig gæfust möguleikar á annarri tónlistar- og menningarstarfsemi í húsinu.

**B** Kostnaður við að hanna húsið með þeim hætti að auðvelt væri að setja þar upp tónleika er óverulegur. Einkum er um að ræða atriði sem taka þarf tillit til við hönnun, s. s. aðgengi, staðsetningu sviðs, stærð hurða, burðarvirkis í lofti og rafmagns með tilliti til notkunar. Stórir tónleikar eða önnur menningarstarfsemi geta skapað miklar tekjur ef vel tekst til og er ljóst að það styrkir rekstur hússins.

#### 9 **Sýningarhús / Ráðstefnuhús:**

Hægt er að útbúa hús af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir litlum tilkostnaði sem sýningarhús og getur skapað tekjur sem slíkt. Einnig gæti húsið hýst stærri ráðstefnur. Lagt er til að við hönnun hússins verði tekið tilliti til þessara notkunarmöguleika.

#### 10 **Önnur nýting - Hús íþróttar:**

Starfshópurinn telur mikilvægt að húsið sé í notkun frá morgni til kvölds og það geti nýst sem flestum. Því er gert ráð fyrir að nýting verði með þeim hætti að það verði opið almenningi og verði hvatning til almennrar lýðheilsu. Almennur hafi möguleika á að sækja í húsið og geti stundað þar íþróttir í rýmum sem ekki eru í notkun dagsdaglega. Hér er átt við að fólk geti stundað ýmsar íþróttagreinar sem það hefur allajafna ekki kost á ef það æfir ekki viðkomandi íþróttagrein. Þannig yrði húsið lifandi og gæfi kost á hreyfingu bæði fyrir börn og fullorðna. Sum rými yrðu föst en önnur myndu nýtast á ónotuðum svæðum milli viðburða.

#### 11 **Gisting:**

Hægt væri að breyta ýmsum svæðum húsnæðisins í gistirými á sumrin, t.d. fyrir yngri þátttakendur sem tækju þátt í mótum hér á landi.

#### 12 **Veitingaaðstaða:**

Væri opin daglega til að þjóna gestum og gangandi.

## 4.2 Niðurstaða

Mikilvægast að mati starfshópsins er að mannvirknið nýtist fyrst og fremst sem íþróttahús enda yrði það byggt sem þjóðarleikvangur. Ef horft er til möguleika á margþættri notkun hússins mun það auka tekjumöguleika við rekstur. Þá mun slíkt mannvirki vera hvatning til almennrar lýðheilsu og gefa öllum tækifæri til að stunda hreyfingu. Þá er horft til þess að mannvirknið geti hýst stóra tónleika eða aðra menningarviðburði sem vart eru mögulegir í dag vegna kostnaðar.





## 5. Kostnaðargreining (liður 5 og 6)

Starfshópurinn fékk Verkís verkfræðistofu til að gera úttekt (fylgiskjal 2) á kostnaði við þjóðarleikvang sem uppfyllir þau skilyrði sem gerð eru til alþjóðlegra keppna. Við matið var m.a. hafður til hliðsjónar þjóðarleikvangur í Þrándheimi í Noregi sem tekinn var í notkun í janúar 2020 í Evrópukeppninni í handbolta. Húsið uppfyllir öll skilyrði sem gerð eru og er einnig nýtt sem tónlistarhús.

Húsið í Þrándheimi tekur 8.600 áhorfendur í sæti (3800 í föst sæti og 5.000 í útdraganleg sæti) og 12.000 áhorfendur á tónleikum (3800 í sæti og 8.200 standandi.)

Við mat á kostnaði var óskað eftir að metinn væri kostnaður við 5.000 áhorfenda hús en einnig þótti rétt að fá mat á kostnaði á sambærilegu húsi og byggt var í Þrándheimi fyrir 8.600 áhorfendur til að hafa þann samanburð. Reiknað var með hefðbundinni byggingaraðferð og að húsið væri byggt í Laugardal en staðsetning var ekki frekar tilgreind.

Reiknuð voru vikiörk til hækkunar og lækkunar eftir hefðbundnum aðferðum sem taka tillit til óvissuþátta út frá nýtingu.

**Niðurstöður Verkís voru þær helstar:**

### 5.1 Hús sem tekur 8.600 áhorfendur

Miðað við grunnkröfur myndi mannvirkið vera um 19.000 m<sup>2</sup> að stærð og af því fara 5.100 m<sup>2</sup> undir íþróttasal. Mikið rými skapast því til nýtingar á svæðum þegar allt húsið er ekki í notkun.

Við gerð kostnaðaráætlunar var gert ráð fyrir að húsið væri hannað með þeim hætti að húsið gæti með auðveldu móti verið nýtt sem tónlistarhús eða sýningar og/eða ráðstefnuhús. Húsið tæki 12.000 áhorfendur á tónleikum.

Kostnaður við byggingu er um 7 milljarðar kr. að meðtöldum vsk.

Efri vikiörk eru 9,1 milljarður króna.

Neðri vikiörk eru 6,3 milljarðar króna.

Til viðbótar bætist hönnun, ráðgjöf, umsjón og eftirlit 1,7 milljarður kr.

**Heildarkostnaður samtals 8,7 milljarðar króna.**

## 5.2 Hús sem tekur 5.000 áhorfendur

Miðað við grunnkröfur myndi mannvirkid vera um 18.240 m<sup>2</sup> að stærð. Kostnaður við bygginu er 6,3 milljarðar króna að meðtöldum vsk.

Efri vikmörk eru 8,2 milljarðar króna.  
Neðri vikmörk eru 5,7 milljarðar króna.

Til viðbótar bætist hönnun, ráðgjöf, umsjón og eftirlit 1.5 milljarður kr.

**Heildarkostnaður samtals 7,9 milljarðar króna.**

## 5.3 Skýringar á verðmun

Stærra hús er hlutfallslega ódýrara í byggingu. Skýrist það einkum á því að öll stækkun er uppávið og hækkar húsið um 4 metra m.v. minna húsið. Húsið tekur því jafnmikið pláss að grunnfleti. Aukinn kostnaður felst því í hækkun auk salerna og aðstöðu. Stækkun hússin er því frekar hagstæð.

## 5.4 Skýringar á vikmörkum

Við mat á vikmörkum kostnaðaráætlunarinnar er fylgt skilgreiningum AACE International Recommended Practices um kostnaðarmat verklegra framkvæmda og fellur kostnaðaráætlunin í þriðja flokk af fimm eftir því hve nákvæm gögn liggja fyrir við gerð matsins.

## 5.5 Rekstrarkostnaður

Samkvæmt LCC greiningu Verkís (Líftímagreining) þá er rekstrarkostnaður á stærra húsinu um 251 milljónir króna kr. auk viðhalds 89 milljónir króna. Samtals um 341 milljónir króna á ári.

Samkvæmt LCC greiningu Verkís (Líftímagreining) þá er rekstrarkostnaður á minna húsinu 243 milljónir króna auk viðhalds 80 milljónir króna. Samtals 324 milljónir króna á ári.

## 5.6 Tekjur

Tekjur af rekstri mannvirkisins byggist á útleigu. Gert er ráð fyrir að tekjur af útleigðum tímum vegna skóla- og íþróttastarfs standi undir stærstum hluta rekstrarkostnaðar. Einnig er gert ráð fyrir tekjum af annarri starfsemi, s.s. útleigðu rými vegna íþróttatengdrar starfsemi, leiga á skrifstofuhúsnæði, tekjum af tónleika- og sýningarhaldi og ráðstefnum.

Starfshópurinn greindi ekki sérstaklega tekjur en grunnfjárhæðir við útleigu á íþróttasölum liggja fyrir hjá Reykjavíkurborg. Hvað aðrar tekjur varðar þyrfti að greina nánar mögulega nýtingu.



## 6. Kostnaðarskipting milli ríkis og sveitarfélags (liður 6)

Í reglugerð um þjóðarleikvanga sem gerð er grein fyrir í lið 1. er gert ráð fyrir mögulegri aðkomu ríkisins varðandi kostnað sbr. 9., 10., 11. og 13. gr. reglugerðarinnar. Í ljósi þess lítur starfshópurinn svo á að eðlilegt sé að kostnaði og rekstri mannvirkisins sem hér er til umfjöllunar sé skipt á milli ríkis og sveitarfélags. Um útfærslu á því fer eftir samkomulagi á milli aðila.

Ljóst er að stærstur hluti starfseminnar, almennt íþróttastarf og kennsla, mun verða á vegum eða á kostnað sveitarfélagsins. Því þykir eðlilegt að sveitarfélagið byggji mannvirkið og taki ákvörðun um rekstrarfyrirkomulag. Hins vegar er um að ræða starfsemi sem tengist íþróttalandsliðum og uppfyllingu alþjóðlegra krafna svo unnt sé að keppa á alþjóðvettvangi hér á landi og því er aðkoma ríkisins nauðsynleg.

Aðkoma ríkisvaldsins getur orðið með ýmsum hætti. Ríkisvaldið getur komið beint að byggingu mannvirkisins með beinum fjárframlögum (stofnkostnaði) án eignarhlutdeildar en með kvöð um ákveðna nýtingu mannvirkisins sem og með styrkjum vegna æfingatíma og leikja landsliða. Allt byggir þetta á samtali milli ríkis og borgar um bestu lausnina.

Starfshópurinn telur erfitt að leggja mat á fjárhæðir í þessu sambandi en telur að eðlilegast að slíkt verði útkljáð í samningum milli ríkis og borgar.

## 7. Niðurstaða starfshópsins

Eins og að framan er rakið er það mat starfshópsins að byggja þurfi mannvirki sem uppfyllir reglur til að keppa í innanhúss boltaíþróttum á alþjóðlegum vettvangi. Ekkert mannvirki uppfyllir þessi skilyrði nú og breyting á þeim húsum sem til eru fyrir einstaka viðburði er bæði of kostnaðarsöm og ekki lausn til framtíðar.

Með slíku mannvirki verður unnt að leysa úr miklum vanda bæði stærri og smærri sér-sambanda varðandi aðstöðu til æfinga og keppni og auka samvinnu milli íþróttagreina sem gerir afreksstarfið markvissara.

Starfshópurinn sér fyrir sér mannvirki sem hefur sterka skírskotun til íþróttta og skapi tækifæri til að efla lýðheilsu og menningu. Húsið verði hannað með það að leiðarljósi að almenningur eigi þess kost að geta geti komið í húsið og stundað íþróttir. Slíkt bjóði upp á fjölbreytta möguleika á nýtingu hússins.

Skortur er á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu sem ber stærri menningarviðburði. Mikill kostnaður liggur í því að aðlaga núverandi byggingar að tónleikahaldi. Til að unnt sé að fá stærri viðburði til landsins án mikils aukakostnaðar þarf nýtt hús. Lögð er áhersla á að húsið verði hannað með það að leiðarljósi að það uppfylli þörf fyrir stærri menningarviðburði, s.s. tónleika eða aðra menningarviðburði. Einnig að húsið geti nýst sem sýningar- og ráðstefnuhús án mikils aukakostnaðar.

Starfshópurinn lagði upp með að húsið yrði annaðhvort 5.000 áhorfenda hús eða rúmlega 8.000 áhorfenda hús sem byggir á fyrirmynd frá Þrándheimi. Einnig þótti gott að fá samanburð á kostnaði við hús að lágmarksstærð og stærra húsi. Minna húsið fyrir 5.000 áhorfendur uppfyllir í dag allar kröfur til stærðar fyrir keppnishús. Hins vegar ef litið er til framtíðar og þeirrar þróunar sem hefur orðið í auknum kröfum til áhorfendafjölda bendir allt til að sú þróun muni halda áfram. Stærra hús myndi leysa án mikils aukakostnaðar húsnæðisþörf til langrar framtíðar auk þess að gefa meiri möguleika á nýtingu til menningarviðburða.

Athygli vekur að samkvæmt kostnaðarútreikningi er ekki mikill munur á byggingu húss fyrir 8.600 áhorfendur og fyrir 5.000 áhorfendur eða um 800 milljónir króna. Skýrist það eins og áður segir á að grunnflötur yrði sá sami og kostnaðaraukinn fælist í hækkun hússins. Þá munar ekki miklu í rekstrarkostnaði á þessum tveimur húsum.

Starfshópurinn tekur ekki afstöðu til þess hvort byggt sé 5.000 áhorfenda hús eða stærra. Hins vegar verður að horfa til þess að aukakostnaður er ekki mikill og fleiri nýtingarmöguleikar felast í stærra húsi.

Starfshópurinn leggur jafnframt til að við staðarval, hönnun og byggingu hússins verði gert ráð fyrir mögulegri stækkun síðar til að mæta auknum kröfum.

Hvað staðsetningu varðar þá er það álit starfshópsins að staðsetning hússins eigi að vera í Laugardal. Í dag er dalurinn tákmynd íþrótt- og útivistarsvæðis. Nálægð við aðrar byggingar er kostur, staðsetningin góð með tilliti til umferðar og aðgengis. Hér er tækifæri að gera Laugardalinn að miðstöð íþróttar og allur almenningur geti sótt í dalinn eitthvað við sitt hæfi er tengist íþróttum, útivist, lýðheilsu og menningu.

## Fylgiskjöl

- 
1. Erindisbréf

---

  2. Skýrsla Verkís

---

  3. Ljósrit úr ritgerð Þórðar Más Sigfússonar um staðarvalsgreiningu

---

  4. Uppdrættir af svæðum í Laugardal

---

  5. Teikning að húsi í Laugardal

---

  6. Skýrsla Reginn vegna Egilshallar

---

  7. Kynning HSÍ um þjóðarleikvang

---

  8. Kynning KKÍ um þjóðarleikvang

---

  9. Fundargerðir

---

  10. Reglugerð um viðurkenningu þjóðarleikvanga í íþróttum nr. 388/2018

---

  11. Bréf EHF til HSÍ dags 27. ágúst 2019

---

  12. Samantekt um æfingapörf landsliða

---

